

Viðræðunefnd um sameiningu sveitarfélaga

10. fundur í formlegri viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, mánudaginn 31. janúar 2022, kl. 16:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason, Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Róbert Ragnarsson ráðgjafi í fjarfundarsambandi og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Á fundinn mætti Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson íþróttar og tómsfundafulltrúi Langanesbyggðar.

Dagskrá

Formaður setti fund og kynnti dagskrá.

1. Viðræður við íþróttar og tómsfundafulltrúa Langanesbyggðar
2. Önnur mál.

Fundargerð

1. Viðræður við Íþróttar- og tómsfundafulltrúa Langanesbyggðar

Sigurbjörn gerði grein fyrir starfi sínu fyrir ungmenni og aldraða í Langanesbyggð og tók til nokkur atriði:

1. Heilsueflandi samfélag.
2. Íþróttar og æskulýðsmál.
3. Félagsmiðstöð
4. Eldri borgarar.

Gert sérstaklega grein fyrir eftirfarandi:

- a) Heilsueflandi samfélag. Eðli, umfang og þau verkefni sem unnið hefur verið að.
- b) Aðstaða til íþróttar- og tómsfundar. Íþróttamiðstöðin kjarninn í starfseminni.
- c) Samstarf Ungmennafélagsins og sveitarfélagsins.
- d) Unnið að sterkari innviðum í íþróttar- og tómsfundastarfi s.s. fjárfesta í búnaði og aðstöðu.
- e) Félagsmiðstöð. Ekkert félagsstarf enn sem komið er vegna skorts á aðstöðu. Þriðja stoðin í félagsmálum barna ásamt heimili og skóla.
- f) Samnýting aðstöðu fyrir aldraða og unglunga samkvæmt fyrirmynd frá öðrum sveitarfélögum.

- g) Litlar sem engar breytingar við sameiningu sveitarfélaganna. Marka þarf heilstæða stefnu í málaflokknum sem tekur tillit til landfræðilegrar stærðar og samfélagsins alls frá Bakkafirði til Svalbarðshrepps.
- h) Aðstoð við starf eldri borgara. Góð tengsl við félagsskap eldri borgara þar sem þau eru aðstoðuð við ýmis hagræn mál. Huga að hentugra húsnæði í framtíðinni.

Til máls tóku: Róbert, Þorsteinn, Mirjam, Siggeir, Jónas, Ragnar, Þorsteinn, Sigríður, Siggeir, Sigurður, Þorsteinn,

2. Kynningarmál og íbúafundur

Lögð fram kynningaráætlun frá RR ásamt kostnaðaráætlun:

- a) Markaðsráðgjöf, almannatengsl, hönnun
- b) Auglýsingar og kynningarefni
- c) Íbúafundir

Björn og Róbert setja saman grind að kynningu með kaflaheitum og fylla inn með texta. Hugsanlega hönnuður á Bakkafirði sem gæti tekið að sér verkefnið grafískt. Setja punkta inn í Skeglu um einstök atriði. Tillaga að íbúafundi um miðjan mars.

Stefna, sem sér um heimasíðu Langanesbyggðar setur upp „spurt og svarað“ undir hnapp sameiningar á heimasíðu Langanesbyggðar.

Viðburðir, fundir, þingmenn, ráðherrar.

3. Jarðasjóður - lokadrög

Lögð fram lokadrög að samþykktum Jarðasjóðs.

Tillaga:

Samstarfsnefndin samþykkir drögin fyrir sitt leiti og vísar þeim til umsagnar Innviðaráðuneytisins.

Samþykkt samhljóða.

4. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 4. febrúar kl. 8:30

Tillaga að dagskrá:

- a) Gunnar Már Gunnarsson verkefnastjóri mætir á fundinn.
- b) Atvinnumál og nýsköpun.
- c) Stjórnskipun nýs sveitarfélags.

5. Önnur mál

Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að koma með upplýsingar um fjallskilamál fyrir næsta fund.

Siggeir spyr: Eru allar kröfur uppfylltar varðandi ferlið? Svar Róberts er er já.

Langesbyggð

Svalbarðshreppur

Fundi slitið kl. 18:00